

162 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 9. júní 2021 kl.09:30 á **Breiðinni (Bárugötu 8-10) á Akranesi**

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Bara Daðadóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson. Atli Svansson boðaði forföll. Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri á Akranesi og Ólafur Sveinsson fagstjóri atvinnuráðgjafar sátu fundinn undir dagskrárlið 10 og Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar og velferðar sat fundinn undir dagskrárlið 9. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 09:40

1. Fundargerð 161 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 161 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerð.

2. Samgönguáætlun SSV

Lögð fram drög að Samgönguáætlun Vesturlands til kynningar. Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drögin. Stjórn gerði ekki athugasemdir við drögin en kom með ábendingar um uppsetningu skýrslunnar. Samþykkt var að bæta umfjöllun um raforkumál við skýrsluna. Þá var samþykkt að SSV standi fyrir upplýsingafundi um áætlunina fyrir sveitarfélögin og síðan verði hún tekin til umfjöllunar á Haustþingi SSV.

3. Starfsmannamál

SSV hefur ráðið þau Birnu Konráðsdóttir og Hafþór Inga Gunnarsson tímabundið vegna verkefna sem tengjast ferðamálum. Báðir þessi starfmenn eru ráðnir í gegnum átaksverkefni ríkisins. Birna hóf störf í byrjun maí og Hafþór í byrjun júní.

4. Nýsköpunarnet Vesturlands

Lagt fram minnisblað um stöðu undirbúnings að stofnun Nýsköpunarnets Vesturlands. Jafnframt eru lögð fram drög að stofnsamþykkt fyrir netið sem og drög að samningi við SSV um þjónustu við það. Stjórn tók jákvætt í að Nýsköpunarnet Vesturlands verði sjálfseignarstofnun og að gerður verði þjónustusamningur við SSV um ákveðin verkefni fyrir netið. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

Þá kynnti framkvæmdastjóri drög að viljayfirlýsingu um samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Bifröst um uppbyggingu nýsköpunar- og þróunarseturs þar sem áhersla verður lögð á að efla nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftlagsmála sem og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni almennt svo sem ferðaþjónustu, nýtingu náttúrugæða og menningartengdri starfsemi. Stjórn lýsti yfir áhuga sínum á því að SSV yrði aðili að þessari yfirlýsingu

5. Uppbyggingarsjóður Vesturlands.

Lögð fram drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum fyrir sjóðinn. Jafnframt var rætt um skipan nýrrar úthlutunarnefndar og fagráðs. Stjórn samþykkti að fresta afgreiðslu á endurskoðuðum úthlutunareglum til næsta fundar og á sama tíma verður skipað í úthlutunarnefnd og fagráð.

6. Brothættar byggðir

Lagt fram erindi frá Dalabyggð um að SSV sækji um stuðning í C1 (stuðningur fyrir svæði sem glíma við fækkun íbúa og einhæft atvinnulíf) í byggðaáætlun. Dalabyggð hefur óskað eftir því að komast inn í verkefnið Brothættar byggðir hjá Byggðastofnun en umsókn þeirra verði hafnað. Rætt hefur verið að SSV og Dalabyggð í samstarfi vinnu umsókn um verkefni sem væri á svipuðum nótum og verkefni Byggðastofnunar. Stjórn SSV samþykkti að sótt verði um ofangreint verkefni í C1 við næstu úthlutun og starfsmönnum SSV falið að vinna að umsókn með starfsfólki Dalabyggðar.

7. Almenningsangöngur

Kynning á vinnu VSÓ ráðgjafar við að búa til tillögu að heilstæðu leiðarkerfi á Vesturlandi fyrir skólaakstur og almenningsangöngur. Unnið hefur verið áfram að verkefninu í maí og er stefnt að því að tillögur verði tilbúnar í júní.

8. Styrkir úr Byggðarannsóknarsjóði

SSV fékk úthlutað í maí tveimur styrkjum, samtals að upphæð 5 m.kr. úr Byggðaþróunarsjóði. Annars vegar vegna verkefnis sem ber heitið „Margur er knár þótt hann sé smár: Hvað útskýrir óvenju ólíka velgengni nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnssýslu? Hins vegar vegna verkefnis sem ber heitið „Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu: Hver er staða innflytjenda á vinnumarkaði landsbyggðarinnar í samanburði við höfuðborgarsvæðið á tímum Covid?“. SSV fékk einnig styrk frá Þróunarsjóði innflytjenda að upphæð 1,5 m.kr. vegna þessa verkefnis. Vífill Karlsson er verkefnisstjóri þessara verkefna og byggja bæði verkefni að hluta á íbúakönnununa landshlutanna sem Vífill hefur haft umsjón með. Sif Matthíasdóttir vék af fundi undir lok þessa dagskrárliðs

9. Fjárfestingar á Vesturlandi

Á fundinn mætti Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri á Akranesi og kynnti hugmyndir sínar um átak til að auka fjárfestingar fyrirtækja á Vesturlandi. Ólafur Sveinsson fagstjóri atvinnuráðgjafar sat fundinn undir þessum lið. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að láta hefja undirbúning að vinnu um átaksverkefni til þess að stuðla að auknum fjárfestingum fyrirtækja og fjárfesta á Vesturlandi. Björn Hilmarsson vék af fundi undir lok þessa dagskrárliðs.

10. Skýrsla um samstarf safna á Vesturlandi

Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar- og velferðar hjá SSV kynnti nýja skýrslu um samstarf safna á Vesturlandi sem fyrirtækið Creatrix vann fyrir SSV. Stjórn samþykkti að óska eftir því að Creatrix kynni skýrsluna á opnum fundi.

11. Vinnuhópur Nordregio um sjálfbæra byggðaðróun

Framkvæmdastjóri SSV hefur frá 2017 setið í vinnuhópi um sjálfbæra byggðaðróun undir norrænu byggðastofnunni Nordregio. Hann mun sitja áfram í vinnuhópnum næstu þrjú árin. Páll fór yfir helstu verkefni hópsins og tengingu þeirra við Ísland.

12. Málefni fatlaðra

Rætt um kostnað sveitarfélaga við málefni fatlaðra. Samþykkt að fela KPMG að vinna samantekt um kostnað sveitarfélaga og byggðasamlaga á Vesturlandi við verkefnið.

13. Framlögð mál

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 12:25